



**38. fundur Heimastjórnar Fljótsdalshéraðs
haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, Egilsstöðum, fimmtudaginn 10. ágúst
2023
og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Vilhjálmur Jónsson formaður, Jóhann Gísli Jóhannsson aðalmaður, Guðný Drífa Snæland varamaður og Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. 202302005 - Landbótasjóður 2023

Á fundinn undir þessum lið mætti Þorvaldur Hjarðar, formaður Landbótasjóðs Norður-Héraðs sem fór yfir drög að skýrslu um starfsemi Landbótasjóðs og uppgæðslu á hans vegum. Þorvaldi þökkuað góð yfirferð.

2. 202108147 - Deiliskipulag, Akstursípróttasvæði undir Skagafelli á Eyvindarárdal

Auglýsingu deiliskipulags akstursípróttasvæðis undir Skagafelli lauk þann 2. mars sl. Engar athugasemdir bárust en Skipulagsstofnun tók skipulagið til athugunar í samræmi við 1.mgr. 42.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Fyrir fundinum liggur jafnframt minnisblað frá skipulagsráðgjafa með tillögu að viðbrögðum við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Jafnframt liggur fyrir bréf, dagsett 6. júlí 2023, frá Innviðaráðuneytinu, um að ráðuneytið fallist á að veitt sé undanþága frá grein 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð, lið d vegna fjarlægðar milli bygginga og vega, fyrir lóð aðstöðuhúss í deiliskipulagi fyrir Akstursípróttasvæði í Skagafelli.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkti á fundi sínum 5.6. 2023 að fyrirliggjandi skipulagstillaga yrði lagfærð til samræmis við minnisblað ráðgjafa. Jafnframt samþykkti ráðið að leggja til við sveitarstjórn að hún sækti um til Innviðaráðuneytisins að fá veitta undanþágu frá grein 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð, lið d vegna fjarlægðar milli bygginga og vega, fyrir lóð aðstöðuhúss í deiliskipulagi fyrir Akstursípróttasvæði í Skagafelli. Jafnframt samþykkti umhverfis- og framkvæmdaráð á fundinum að vísa skipulaginu til staðfestingar hjá heimastjórn Fljótsdalshéraðs.

Málið var áður á dagskrá heimastjórnar Fljótsdalshéraðs 8. júní 2023 en var þá frestað.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs staðfestir fyrirliggjandi skipulagstillögu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.



3. 202210120 - Aðalskipulagsbreyting, Efnisnáma, Kiðueyri í Grímsá

Fyrir liggur skipulags- og matslýsing, auk vinnslutillögu, dags. 19. júní 2023 fyrir breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna námu á Kiðueyri í landi Ketilsstaða. Einnig liggur fyrir ósk um umsögn heimastjórnar Fljótsdalshéraðs sem náttúruverndarnefndar, frá umhverfis- og framkvæmdasviði.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs felur starfsmanni að senda umsögn heimastjórnar til skipulagsfulltrúa.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4. 202305087 - Varmadælur í dreifbýli

Fyrir liggja minnispointar um varmadælur í dreifbýli frá samtalsfundum sem heimastjórn Fljótsdalshéraðs hélt með íbúum í apríl og maí síðast liðnum.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs beinir ábendingum um tækifæri til varmadæluvæðingar á köldum svæðum til HEF veitna.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

5. 202307027 - Ágangur búfjár á heimalöndum

Fyrir liggja tillögur að verklagsreglum varðandi ágang búfjár á heimalöndum. Tillögurnar eru unnar af Aroni Thorarensen, lögfræðingi og verkefnisstjóra, Margréti Ólöfu Sveinsdóttur, verkefnastjóra umhverfismála og Óðni Gunnari Óðinssyni skrifstofustjóra. Einnig liggur fyrir erindi frá Bændasamtökum Íslands varðandi lausagöngu/ágang búfjár sem og önnur gögn er varða málið.

Á fundi byggðaráðs 11.7. 2023 var eftirfarandi bókað:
Byggðaráð Múlaþings samþykkir að vísa fyrirbyggjandi tillögum, auk erindis Bændasamtakanna, varðandi ágang búfjár í heimalöndum til umsagnar og upplýsingar hjá heimastjórnnum. Málið verður tekið til afgreiðslu í byggðaráði er umsagnir heimastjórna liggja fyrir.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi drög að öðru leyti en því að mikilvægt er að verklagsreglur sem settar kunna að verða séu skýrar og framkvæmdar af starfsfólki sveitarfélagsins án aðkomu nefndar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. 202307108 - Gangnaboð og gangnaseðlar 2023

Fyrir liggja gangnaboð og gangnaseðlar til afgreiðslu.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs samþykkir fyrirbyggjandi gangnaseðla fyrir Jökuldal austan ár og Hróarstungu, Hjaltastaðapinghá, Fellin, Eiðapinghá, Velli, Skriðdal, Jökulsárhlíð og Jökuldal norðan ár.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.



7. 202307020 - Ársfundur náttúruverndarnefnda 2023

Fyrir liggur tölvupóstur, dagsettur 5.7. 2023, frá Umhverfisstofnun, þar sem tilkynnt er um ársfund náttúruverndarnefnda sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar og forstöðumanna náttúrustofa, sem haldinn verður á Ísafirði 12. október 2023.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00

